

## Fyrirspurn

**tilfélags- og vinnumarkaðsráðherra um kærur til úrskurðarnefndar  
velferðarmála vegna ákvarðana sveitarfélaga.**

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hversu margar kærur bárust úrskurðarnefnd velferðarmála vegna ákvarðana sveitarfélaga og eftir atvikum viðkomandi nefnda þeirra frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2021, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margar af þeim kærum voru vegna ákvarðana í málum á grundvelli:
  - a. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991,
  - b. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998,
  - c. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, eða eftir atvikum laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?
3. Hversu mörgum umræddra kærumála var vísað frá á þeim grundvelli að viðkomandi sveitarfélag tók mál kæranda til skoðunar á ný á meðan nefndin var með málið til umfjöllunar, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?
4. Hver var meðalmálsmeðferðartími umræddra kærumála, þ.e. frá því að kæra barst og þar til úrskurður lá fyrir, sundurliðað eftir árum, að undanskildum málum sem var vísað frá á þeim grundvelli að kæra barst eftir að kærufrestur rann út?
5. Í hversu mörgum umræddra kærumála var málsmeðferðartími hjá nefndinni lengri en þrjú mánuðir, sundurliðað eftir árum?
6. Hversu oft hafa sveitarfélög höfðað dómsmál til að fá úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála hnekkt, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum og á grundvelli hvaða laga hin kærða ákvörðun var tekin?

**Skriflegt svar óskast.**